

1870.

16. febrúar.

að lögum eða ekki, skal því við bætt, að það er hvorttveggja, að það fylgir af sjálfu sér, að sóknarpresturinn einn getur leyft aðgöngu til kirkjunnar til embættisverka, hvort sem hún er bænda kirkja eða ekki, enda leiðir það af eðli málsins og skýru lagabóði í tilskipun 30. apríl 1824, 14. gr., að enginn annar getur gefið saman hjón, en sá prestur, sem hefir embætti við kirkjuna eða þá sá prestur, sem hann hefir falið á hendur, fyrir sína hönd og uppá sína ábyrgð, að gegna þessu embættisverki, og hýst því stjórnarráðið við, að þér sjáið svo um, að þessu verði framfylgt eptir-leiðis.

18. febrúar.

11. Auglýsing aðalpóststjórnarinnar um ýnislegt, er snertir póstferðirnar milli Danmerkur og Íslands¹.

Um leið og vísað er til auglýsingar frá annari póstskrifstofu, 29. f. m. um það, að póststjórnin tekur að sér að annast póstsamgöngur milli Danmerkur, Færeyja og Íslands, skal það hère með kunngjört, að gufuskip stjórnarinnar, Diana, mun leggja hëðan frá Kaupmannahöfn 1. marzm. þ. á., eða svo fljótt þar á eptir, sem veður og ísar leyfa, og síðan mun birt nákvæmari ferða-áætlun.

Það má ætla, að farið verði á milli á 10 eða 12 dögum, ef ekki bregður útaf því sem venjulegt er.

Fyrir far með póstgufuskipinu verður að borga:

	fyrsta rúm.	annað rúm.	viðbót fyrir sér- stakt rúm.
	rd.	rd.	rd.
Milli Kaupmannahafnar og Íslands	45	36	15
— — — og Þórshafnar	35	27	12
— — — og Leith eða Leirvíkur	26	15	9

¹) Reglugjörð um póstsendingar milli Danmerkur og Reykjavíkur, 25. ágúst 1869, er auglýst á íslenzku af póstaðgreiðslumanninum í Reykjavík, Óla Finsen, og er prentað í Norðanfara VIII, 97, 15. desembr. Í sama bláði Norðanfara er prentað auglýsing aðalpóststjórnarinnar 28 september 1869, um póstsendingar milli Danmerkur, Íslands og Færeyja á árinu 1870.

1870.

18. febrúar.

	fyrsta rúm.	annað rúm.	viðbót fyrir sér- stakt rúm.
	rd.	rd.	rd.
milli Granton og Íslands	35	27	12
— — og Þórshafnar . . .	20	15	7
— Leirvíkur og Þórshafnar . .	12	9	4
— — og Reykjavíkur . .	26	20	9
— Þórshafnar og — . .	20	15	7
— Seyðisfjarðar og — . .	12	9	4
— — og Þórshafnar.	12	9	4

1. Börn milli 2 og 12 ára borga helming á við þetta; börnum, sem eru yngri en tveggja ára, veitist far kauplaust.
2. Ferðamenn mega hafa meðferðis kauplaust: fullorðinn maður 100 punda þunga, og barn 50 pund. Undir það, sem framyfir er, á að borga 32 sk. fyrir hvert pund.
3. Fyrir mat (að ótöldu víni og öli) skal borga 1 rd. 64 sk. á dag fyrir fullorðinn mann, en fyrir barn 1 rd.
4. Sérstakt rúm fæst því að eins, að borgað sé fyrir jafnmarga, og þar geta komið fyrir.

Allskonar munum, sem sendir eru með pósthúsfúskipinu, má annaðhvort koma á póstinn, eða láta þá fara sem flutningsvöru.

A. Á póstinn má koma:

bréfum, ásamt fréttablöðum og allskonar prentriti með krossbandi; þyngd bréfanna má ekki fara fram úr 50 kvintum; ennfreður má koma með pósti peningabréfum og böggjum, þegar þeir vega ekki framyfir fimm pund; ef böggjar eru þyngri, verður að senda þá sem flutningsvöru¹.

¹) Ef svo vill til, að sendingum í stærra lagi til Íslands eða Færeyja verði komið á einhverja pósthúsfúskstofu í Danmörku annarstaðar en í Kaupmannahöfn, verða þær sendar hingað (til Kaupmannahafnar) samkvæmt þeim taxta og þeim reglum, sem gilda í konungsríkinu um pósthúsfúsking á böggjum; sé sendingin þá ekki falin neinum einstökum manni í Kaupmannahöfn á hendur, og sé ritað á fylgi-

1870.

18. febrúar.

Fyrst um sinn verða ekki afgreiddar póstávísanir¹ fram nè aptur; ekki heldur peningar sendir á þann hátt, að póstur eptir tilsógn taki við peningum af mönnum og borgi svo aptur þeim, sem vísað hefir til fjárins; ekki verður heldur tekið við áskrifendum að fréttablöðum; þó má fá fréttablöð, sem út koma á Íslandi, eins og hingað til á bréfapóst-skrifstofunni í Kaupmannahöfn.

B. Undir póstsendingar milli konungsríkisins og Íslands eða Færeyja á að borga:

1. undir bréf:

	Þegar borgað er allt gjaldið fyrirfram.	Þegar ekki er borgað allt fyrirfram.
a. undir venjulegt bréf að þyngd allt að 3 kvintum	8 sk.	12 sk.
undir venjulegt bréf að þyngd yfir 3 kvint allt að 50 kvintum	16 sk.	24 sk.

b. undir fréttablöð og annað það, sem prentað er, og er sent í krossbandi eða einföldu bandi, ef alveg er borgað undir það fyrirfram, og þess er gætt, sem fyrir er mælt við líkar sendingar í konungsríkinu, um umbúðir, og ef einhverju skriflegu sè bætt við innihald þess, sem sent er (sjá Lög 26. septbr. 2. gr. A.²), 4 sk., ef böggullinn er að þyngd allt að 8 kvintum, en 8 sk., ef hann er framyfir 8 kvint, allt að 50 kvintum;

c. undir bréf, sem sèrstaklega er falið póstinum á hendur, á að borga fyrirfram 8 sk., auk þess burðareyris, sem getið var um undir a. Undir kvittun þá fyrir því, að

bréfið, hvað sè í bögglinum, mun póstaafgreiðsluskrifstofan á tollbúðinni í Kaupmannahöfn koma sendingunni með skipinu sem flutningsvöru.

¹) Þetta var síðar leyft, sjá bréf dómsmálastjórnarinnar 26. apríl þ. á., Nr. 33.

²) Þessi lög eru prentuð í Algreen-Ussings danska lagasafni X. 288.

slíkt bréf sè komið til skila, sem kynni að verða sent 1870.
með sjálfu bréfinu, skal borga fyrirfram jafnmikið og 18. febrúar.
undir einfalt bréf (a);

2. undir peningabréf:

a. verður að borga fyrst eptir þyngd, eins og undir venjulegt
bréf (1, a);

b. þar á ofan eptir upphæð þeirri, sem send er:

ef sendir eru 50 rd. og þaðan af minna	8 sk.
ef sent er meira en 50 rd., og allt að 100 rd.	16 sk.
en sè sent meira en 100 rd., þá fyrir hverja	
100 rd. eða hlut af 100 rd.	16 sk.

3. undir böggla:

er þeir vega allt að 1 pundi	16 sk.
- — — milli 1 og 2 punda	32 sk.
- — — milli 2 og 5 punda	48 sk.

Sè sagt til þess, að böggullinn sè svo eða svo mikils virði,
skal að auki borga undir hann samkvæmt því, sem fyrir er sagt
í 2. b.

Með bögglum skal ávallt senda fylgibréf, sem verður borið
kauplaust; samt má það ekki vera þyngra en 3 kvint.

Undir póstsendingar, sem annaðhvort verða bornar aptur eða
sendar með annari póstferð, sem seinna er farin, verður ekki
borgað meira, en borgað var undir þær í upphafi.

Ekki má senda neitt með pósti til yfirvaldanna á Íslandi eða
Færeyjum, nema borgað sè undir það fyrirfram.

C. Að öðru leyti skal það, sem fyrir er skipað um
póstsendingar í konungsríkinu, gilda um þær
sendingar, sem hær er getið.

Til þeirra hafna erlendis, er póstgufuskiðið kemur við á,
verða aðeins tekin skipbréf, og á að borga undir þau fyrirfram
annaðhvort 8 eða 16 sk., eptir því, sem fyrir er sagt í 1 a.

Á póstaðgreiðslu-skrifstofunni á tollbúðinni (í Kaupmannahöfn)
má fá ítarlegri skýrslur um flutningsvöru og það, sem þar að lýtur.

Kaupmannahöfn 18. febrúarm. 1870.

S. Danneskjöld-Samsö,
aðalpóststjóri.